



1. útgáfa 08.03.2023

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:
Vörunúmer:

Lampaolía
100016330

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Eldsneyti úr vetniskolefnum.
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirleggjandi.

1.3 Söluaðili:

N1
Dalvegur 10-14
201 Kópavogur
Sími: 440 1000
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Framleiðandi:

Kemetyl AB
Rörvägen 7
S-13650 Hanige, Svíþjóð
00-46-8-504-10100
msds@kemetyl.com
www.kemetyl.com

1.4 Neyðarsímanúmer:

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlinan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg Eit.v.ásvelg.1

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörðunarorð:

HÆTTA

Hættusetningar:

H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
EUH066 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Varnaðarsetningar:

P101 Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.
P102 Geymist þar sem börn ná ekki til
P301+P310 EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.
P331 EKKI framkalla uppköst.
P405 Geymist á læstum stað.
P501 Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur:

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkana, arómata <2%.

2.3 Aðrar hættur:

Eðlisfræðilegar:

Varan er brennanleg.

Umhverfislegar:

Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.

(PBT: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. vPvB: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni:

| Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, arómatar <2% | | | |
|---|------------------|-----------------------|------|
| Skráningarnúmer ECHA | 01-2119475608-26 | Innihald % | > 98 |
| Raðnúmer | - | Varnaðarmerki: | - |
| EINECS, ELINECS | 929-018-5 | H-setningar | - |
| CAS | | Flokkun, hættumerking | - |
| Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP) | | | |
| Eit.v.ásvelg.1 - H304, EUH066 | | | |

- 3.2 **Blöndur:** Á ekki við
Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

| | |
|--------------------------|--|
| Almennt | Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið strax lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni. Beitið viðeigandi tækjabúnaði, sé öndunaraðstoð talin nauðsynleg. |
| Innöndun | Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum. |
| Snerting við húð | Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu. |
| Snerting við augu | Skolið varlega með volgu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. |
| Inntaka | Framkallið ekki uppköst. Leitið strax lækni. Sýnið öryggisblaðið. Skolið munn, en gefið hinum slasaða annars ekki neitt að drekka. Gefa má 1-2 matskeiðar natríumsúlfats (laxerandi). Ásvelgingarhætta. Við uppköst skal halda höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu. |

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

| | |
|--------------------------|---|
| Innöndun | Getur valdið höfuðverk, svima og vanlíðan. |
| Snerting við húð | Endurtekin snerting getur valdið þurrki og sprungumyndun. |
| Snerting við augu | Getur valdið roða og vægri ertingu. |
| Inntaka | Getur valdið vanlíðan, uppköstum og niðurgangi. Lungnaskaða og andnað við ásvelgingu. |

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Inntaka getur valdið myndun lungnabjúgs/lungnabólgu við ásvelgingu.
Leitið ráða hjá bráðamóttöku.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

| | |
|----------------------------------|---|
| Hentugur slökkvibúnaður: | Koldíoxíð, slökkvioduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða. |
| Óhentugur slökkvibúnaður: | Beinn vatnsgeisli. |

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: Kolmónoxíð, koldíoxíð, reykur, hálfbrunnin vetniskolefni, eitruð niðurbrotsefni. Flýtur á vatnsyfirborði.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reysks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið alla hita- eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Gufa er þyngri en loft, forðist lágt liggjandi rými, t.d. kjallara. Notið persónuhlífar. Gangið ekki í losuðu efni, það getur myndað hálkubletti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Forðist uppsöfnun gufu í lágt liggjandi rýmum. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Efnið flýtur á vatni, notið flotgirðingar, eða fleytið af yfirborði. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægjið eld- og neistagjafa. Notið persónuhlífar.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað. Gólf ætti að vera leysiefnaþolið. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi. Forðist hátt hitastig, eldfim efni, beint sólarljós og oxara. Óhentug umbúðaeefni: Pólýetýlen, pólýprópýlen.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

| Efni: | 8 klst ppm | 8 klst mg/m ³ | Þakgildi 15mín ppm | Þakgildi 15mín mg/m ³ | Annað |
|--|------------|--------------------------|--------------------|----------------------------------|---------|
| Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, arómatar <2% (gufa) | | 300 | | 500 | Svíþjóð |

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum. Notið CE-merktan búnað.

Persónuhlífar

Augnhlífar

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Húð - hendur

Notið efnaþolna hlífðarhanska, t.d. úr nítrílgúmmíi. (EN374).

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur. (lágmarksþykkt 0,35 mm, 240 mín gegnstreymistími).

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað

Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar og öryggisskófataðar.

Öndunarfæri

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu) með síu A (brún). Við háan styrk ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað (EN137, EN138).

Umhverfi

Fylgið öllum lögum reglum varðandi losun út í umhverfið. Notið viðeigandi búnað til takmörkunar.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:

Vökvi

Lykt:

Einkennandi

Litur:

Litlaus, tær

Bræðslumark:

-21°C

| | |
|-----------------------------|--------------------------------------|
| Suðumark: | 199-227°C |
| Blossamark: | 85°C (ISO 2719, DIN 51758, ASTM D93) |
| Sjálfteyndrunarmark: | 210°C |
| Lægri sprengimörk í lofti: | 0,6% |
| Hærri sprengimörk í lofti: | 7,0% |
| Eðlismassi gufu (loft=1): | >1 |
| Eðlismassi: | 0,75 g/cm ³ (20°C) |
| Leysanleiki í vatni: | Hverfandi |
| Deilistuðull oktanól/vatn: | 7,3 |
| Sprengifimi: | Nei |
| Oxandi eiginleikar: | Nei |
| Seigja (40°C): | 1,52 cSt |
| Dreifistuðull oktanól/vatn: | >4 |

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Sjá liði 10.2-10.6.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur, og aðrir íkveikjuvaldar.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, reykur, vetniskolefni, eitruð niðurbrotsefni. Gufa er þyngri en loft.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturrif:

Innöndun

Getur valdið höfuðverk, svima og vanlíðan.

Snerting við húð

Endurtekin snerting getur valdið þurrki og sprungumyndun.

Snerting við augu

Getur valdið roða og vægri ertingu.

Inntaka

Getur valdið vanlíðan, uppköstum og niðurgangi. Lungnaskaða og andnað við ásvelgingu.

Húðerting/æting

Varan hefur ekki verið flokkuð. Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Alvarlegur augnskaði

Varan hefur ekki verið flokkuð. Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Næming

Varan hefur ekki verið flokkuð. Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Krabbamein, stökkbreytingar og eitrun við æxlun

Varan hefur ekki verið flokkuð. Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Eitrun æxlunarfæra:

Varan hefur ekki verið flokkuð. Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Eiturrif á líffæri (eitt skipti)

Varan hefur ekki verið flokkuð. Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Eiturrif á líffæri (endurtekin)

Varan hefur ekki verið flokkuð. Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Ásvelgingarhætta:

Varan hefur ekki verið flokkuð. Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Ásvelging í lungu við inntöku eða uppköst getur valdið lungnabólgu, jafnvel banvænni. Við inntöku ber að líta til eftirfarandi einkenna í allt að 6 klst eftir inntöku: Hita yfir 38,3°C, andnað, þyngsla fyrir brjósti, soughljóðs við öndun.

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, arómatar <2%

| | Gildi | Niðurstaða | Eining | Dýrateg/Aðferð | Athugasemdir |
|-----------------------------|------------------|------------|-------------------|----------------|--------------|
| Bráð eiturrif, inntaka | LD ₅₀ | >5000 | mg/kg | | |
| Bráð eiturrif, ísog um húð | LD ₅₀ | >5000 | mg/kg | | |
| Bráð eiturrif, innöndun | LC ₅₀ | >5000 | mg/m ³ | | |
| Langvinn eiturrif, inntaka | NOAEL | >5000 | mg/kg | | |
| Langvinn eiturrif, innöndun | NOAEL | 10400 | mg/m ³ | | |

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Varan hefur ekki verið flokkuð. Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum. Myndar filmu á vatnsyfirborði, sem getur haft áhrif á súrefnisinnihald vatnsins, og þar með neikvæð áhrif á lífríki.

Vetniskolefni, C10-C13, n-alkanar, arómatar <2%

| | Gildi | Niðurstaða | Tími | Dýrategund | Aðferð |
|-------------------------|------------------|---|---------|------------|--------|
| Eiturhrif | LC ₅₀ | >10 mg/l | | Fiskar | |
| Eiturhrif | NOEC | 0,139mg/l | | Fiskar | |
| Eiturhrif | EC ₅₀ | >1000 mg/l | 48 klst | Daphnia | |
| Eiturhrif | NOEC | 0,361 mg/l | | Daphnia | |
| Eiturhrif | LC ₅₀ | >1000 mg/l | 72 klst | Þörungar | |
| Þrávirkni og niðurbrot | | >60% | | | |
| Uppsöfnun í lífverum | | Engar upplýsingar | | | |
| Dreifanleiki í jarðvegi | | Aðsogast í jarðveg og dreifist takmarkað, flýtur á vatnsyfirborði | | | |
| Mat á PBT / vPvB | | Flokkast ekki sem slíkt | | | |

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hreinar umbúðir má endurvinnna. Ekki skal setja tómar umbúðir undir þrýsting, eða skera, saga, sjóða, lóða, bora í þær. Haldið fjarri háu hitastigi og stöðurafragnis-, eld- og neistagjöfum.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

IMDG: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

IATA: Varan flokkast ekki sem hættulegur farmur.

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat liggur ekki fyrir.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H304 Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
EUH066 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Útgáfa/Dags: 1/08.03.2023

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

KEMETYL AB
SAEKERHETS DATABLAD
KEMETYL T-LAMPOLJA

Útgáfa:

28.01.2020